

# Fréttabréf

**FI**



15. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2017

**Íslandsmót iðn- og verkgreina**  
**Tillögur uppstillingarnefndar**  
**Orlofsumsóknir**

## ÍÐAN-fræðslusetur

### Nýr námsvísir

Námsvísir ÍÐUNNAR hefur verið dreift til allra félagsmanna. Mörg og fjölbreytt námskeið eru í boði á vorönn 2017. Námsvísirinn er einnig aðgengilegur á heimasíðunni idan.is ásamt upplýsingum og skráningu á námskeiðin.



### Bridge

Frá því í haust hafa bridge-menn verið að hittast og spila. Byrjað var með upphitun í septemberlok. Spilaðar voru tvær umferðir í október um FIT-bikarinn og 3 umferðir í hraðsveitarkeppni í nóvember og byrjun desember. Þessum áfanga lauk svo með jólamóti um miðjan desember.

Áfram verður haldið á nýju ári og verður spilað einu sinni í viku fram til vors. Spilað er í sal félaganna á sjöttu hæð í Borgartúni 30 og er þátttaka ókeypis. Keppnisröðin er eftirfarandi:

12. jan. og 26. jan. BYKO bikarinn, 9. feb. og 23. feb. Byggiðnar bikarinn. Sveitarkeppni er svo 9. mars og 22. mars sem nefnist Húsasmiðjumótið. Lokakvöldið og uppgjör vetrarins er 7. apríl.

### Veidikortið

Veidikortið 2017 kom í sölu hjá FIT fyrir jól og selst grimmt að vanda. Ekki er mikil breyting frá fyrra ári, eitt vatn dettur út, Meðalfellsvatn, en inn kemur Berufjarðarvatn svo áfram verða 35 vötn og veiðisvæði á kortinu. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á orlofs síðu FIT, velja miðasölu og kaupa kort. Hver félagsmaður getur keypt eitt kort. Kortið kemur síðan með póstinum. Kortið kostar 6.900 kr. á almennum sölustöðum en 3.500 kr. á orlofsvef FIT.

Fréttabréf FIT

1. tbl. 15. árg. janúar. 2017

Félag iðn- og tæknigreina  
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is  
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson  
Umbrot og prentun: prentun.is



## Dagbókin 2017

Að venju var dagbók send til allra félagsmanna fyrir áramótin. Bókin er sérhönnuð fyrir tímaskráningu en einnig er þar að finna margskonar fróðleik. Það getur verið mjög hentugt að skrá alla vinnutíma hjá sér í dagbókina og nokkur dæmi þess að slík skráning hafi verið forsenda fyrir innheimtumálum.



## JÓLAGJÖF TIL RAUÐA KROSSINS

Félag iðn- og tæknigreina, Samiðn og Byggiðn afhentu Rauða krossi Íslands peningagjöf til styrktar fjölskylduaðstoð Rauða krossins nú fyrir jólin. Þetta er árviss viðburður en félögin senda ekki út jólakort en styrkja eitthvert gott málefni í þess stað. Undanfarin ár hefur styrkurinn runnið til innanlandsstarfs Rauða krossins, sem rekur 42 deildir um land allt. Deildirnar sjá svo um að veita aðstoð hver á sínu svæði en gjarnan eftir ábendingum kirkjunnar eða annarra styrktarféлага.

Helga G. Halldórsdóttir verkefnastjóri á samskiptasviði veitti styrknum móttöku fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi.

## Út í bláinn

Mínum á gönguferðirnar „Út í bláinn“. Fyrirhugaðar eru fjórar ferðir fram á vor og var fyrsta ferðin sunnudaginn 29. janúar. Framhaldið er svo 26. febrúar, 26. mars og 30. apríl.

Ferðirnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu einungis þarf að koma með góða skapið, ævintýraþrána og síðan er gengið út í bláinn. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér ferðirnar ásamt fjölskyldum. Lagt af stað frá Borgartúni 30 kl. 13.00 og áætluð heimkoma kl. 16.00.

Allar nánari upplýsingar á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.



# Svört starfsemi færir í vöxt á ný



## KENNITÖLUFLAKKARAR Á FERÐ

Flest bendir til að kennitöluflakk og svört atvinnustarfsemi sem erfitt er að aðgreina frá venjulegri brotastarfsemi sé aftur að færast í aukana á ákveðnum sviðum á íslenskum vinnumarkaði. Það á ekki síst við í byggingariðnaði en einnig víðar, til dæmis á sumum sviðum ferðaþjónustu.

Enn fær það að viðgangast að einstaklingar, sem hafa orðið uppvísir að refsiverðri starfsemi í atvinnurekstri, setji félag í þrot, vísi launakröfum á Ábyrgðarsjóð launa, standi hvorki skil á gjöldum til verkalýðsfélaga né lífeyrissjóða, kaupi svo nýtt félag með nýrri kennitölu á næstu lögfræðiskrifstofu og byrji leikinn upp á nýtt. Nýja kennitalan er skömmu síðar komin með stórt verkefni á vegum verkkaupa, sem stundum er aðili á vegum ríkis eða sveitarfélags. Nýja kennitalan er hluti af keðju sem hefur í þjónustu sinni erlendar starfsmannaleigur en þær spretta upp eins og gorkúlur á íslenskum vinnumarkaði um þessar mundir. Leigurnar flytja inn erlenda verkamenn sem eiga að fá lágmarkslaun á íslenskum vinnumarkaði og fá sumir greidd þau laun en aðrir ekki. Þessir erlendu verkamenn vinna flest eða öll störf sem unnin eru við byggingu fjölmargra mannvirkja á Íslandi um þessar mundir, líka þau störf sem iðnaðarmenn með löggilt starfsréttindi eiga að vinna samkvæmt lögum og samningum sem eiga að gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Vinnustaðaeftirlit sem verkalýðsfélög hafa haft frumkvæði að er eina skipulagða viðleitnin til að vinna gegn kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi á íslenskum vinnumarkaði. Félag iðn- og tæknigreina er nú að fylgja eftir fjölmörgum kröfum sem orðið hafa til vegna vinnustaðaeftirlits. Fimm til sex slík mál eru á leið til dómstóla. Mörg dæmi eru um að kröfur Félags iðn- og tæknigreina hafi leitt til gjaldþrots fyrirtækja sem voru í raun ekkert nema skel utan um kennitölu. Félagið tapar fjármunum á þessu eftirliti og þessum innheimtumálum gegn eignalausum gervifyrirtækjum. Þessar aðgerðir duga ekki til að fá inn vangoldin gjöld í félags- og sjúkrasjóði. En félagið axlar með þessu ákveðna ábyrgð fyrir sína félagsmenn og fyrir íslenskt samfélag.

Að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar hafa aðilar vinnumarkaðarins lengi rætt nauðsynlegar aðgerðir gegn kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi sín á milli. Búið er að skilgreina vandann og ná samkomulagi um fjölmargar nauðsynlegar aðgerðir. Nú síðast er í sjónmáli samkomulag um hvernig innleiða skuli reglugerð sem gildir á innri markaði ESB.

## VONANDI FÁ NÝIR RÁÐHERRAR KJARKINN

Aðilar vinnumarkaðarins hafa oftar en einu sinni undanfarin ár kynnt stjórnvöldum hvaða aðgerðir þurfi til að taka á þessum vanda. Þar er efst á blaði að setja sem allra fyrst löggjöf um keðjuábyrgð þar sem kveðið er skýrt á um ábyrgð aðalverktaka og verkkaupa á því að starfshættir undirverktaka og þjónustufyrirtækja, erlendra jafnt sem innlendra, séu í fullu samræmi við lög, reglur og kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði. Á liðnum árum hafa stjórnvöld við ákveðin tækifæri lýst vilja til að taka á vandanum og hafa jafnvel gefið um það opinberar yfirlýsingar. Efnidirnar hafa hins vegar látið á sér standa. Það er því óskandi að ráðherrar vinnumarkaðsmála og neytendamála í nýrri ríkisstjórn finni sem allra fyrst hjá sér viljann sem þarf til að ganga í að þvo þennan svarta blett af íslensku atvinnulífi.

Með því að uppræta kennitöluflakk og svarta atvinnustarfsemi eru ríkissjóði færðar tekjur sem hann þarf á að halda en þær tekjur eru ekki sóttar í dag. Með því að taka á málinu fæst einnig betra samkeppnisumhverfi í íslensku atvinnulífi og bætt samkeppnisstaða fyrir þau fyrirtæki sem spila samkvæmt réttum leikreglum. Lausn á þessu máli er líka öryggismál fyrir allan almenning sem þarf að geta treyst því að það fólk sem vinnur við að reisa mannvirki hafi til þess þau réttindi sem lög og reglur gera kröfur um og sem samið er um í verksamningum milli kaupenda og byggingaraðila.

Það liggur alveg fyrir hvaða leiðir stjórnvöld þurfa að fara til að ná árangri í þessari baráttu. Aðilar vinnumarkaðarins hafa varðað þann veg á liðnum árum. Það vantar ekki fleiri nefndir, bara efndir.

# EuroSkills 2016 í Gautaborg

Evrópumót iðngreina EuroSkills var haldið dagana 1. til 3. desember sl. í Gautaborg. Alls tóku 500 keppendur frá 28 Evrópulöndum þátt í keppninni. Aldurstakmark til þátttöku í EuroSkills miðast við 25. aldursár.

Á EuroSkills mæta keppendur alls staðar að úr Evrópu. Þetta var í fyrsta sinn sem keppnin var haldin í Skandinavíu. EuroSkills er stærsta iðngreinakeppni í Evrópu og meginmarkmið hennar er að bæta gæði og stöðu iðngreina og kynna iðn- og verkgreinar fyrir ungu fólki sem er að velja sér framtíðarnám. Keppendur fengu ákveðnar hugmyndir um hver verkefni yrðu fyrir keppnina.

Gestir og keppendur geta tekið þátt í ýmsum viðburðum tengdum keppninni svo sem sýningum og fyrirlestrum.

## FRÁ ÍSLANDI FÓRU FULLTRÚAR Í SJÖ IÐNGREINUM.

Keppendur voru Anton Örn Gunnarsson sem keppti í húsasmíði, Axel Fannar Friðriksson í grafískri miðlun, Bjarki Rúnar Steinsson í málmsuðu, Bjarni Freyr Þórðarson í rafvirkjun, Iðunn Sigurðardóttir í matreiðslu, Reynir Óskarsson í pípulagningum og Sara Anita Scime í hárgreiðslu. Liðstjóri íslensku keppendanna var Svanborg Hilmarsdóttir rafmagnstæknifræðingur.



Reynir Óskarsson, félagsmaður í FIT sem keppti í pípulögnum að stilla upp sínu verkefni.

Áeltað er að gestir á keppninni hafi verið um 70.000 manns og þar af um 45.000 nemendur frá nágrennabyggðum Gautaborgar.

Íslensku keppendurnir stóðu sig afar vel. Þrír keppendur voru með yfir 500 stig og hefur það ekki tekist áður í þessari keppni. Bjarni Freyr sem keppti í rafvirkjun var aðeins hársbreidd frá því að komast á verðlaunapall.

Íslandsmót iðngreina verður svo haldið í Laugardalshöll dagana 16. - 18. mars nk. Næsta EuroSkills keppni verður haldin í Búdapest árið 2018.

Hægt er að skoða nánari upplýsingar á síðunni: [euroskills2016.com](http://euroskills2016.com).

## Erasmus


IÐAN tekur þátt í ýmsum Erasmus verkefnum. Samstarfsverkefnum á sviði starfsmenntunar er ætlað að styðja við og auka gæði starfsmenntunar í Evrópu. Styrkt verkefni þurfa sömuleiðis að styðja við evrópsk stefnumið í starfsmenntun um að auka gæði



Erasmus fólk spjallar í Finnlandi

menntunar og stuðla að virkara samstarfi á milli starfsmenntastofnana, atvinnulífs og stjórnvalda til að mæta betur eftirspurn eftir hæfni á vinnumarkaði til framtíðar.

Samstarfsverkefni veita starfsmenntastofnunum og öðrum aðilum sem sinna



Finniskur nemi í bílamálun kastar mæðinni

starfsmenntun tækifæri til að þróa og/eða prófa nýjar aðferðir eða leiðir í starfsmenntun í samstarfi við samstarfsaðila í a.m.k. tveimur öðrum þátttökulöndum Erasmus+. Einnig hafa aðilar í starfsmenntun tækifæri til að að efla samskipti og skiptast á reynslu og þekkingu. Verkefni geta varað í 12 - 36 mánuði og hámarksstyrkur er 150.000€ á ári. Styrkt verkefni skulu taka mið af stefnumörkun Evrópusambandsins í starfsmenntun og geta m.a. snúið að því að auka gæði kennslu, þróa nýjar námskrár eða námsbrautir, aðgerðum til að efla samstarf atvinnulífs og skóla, eða hindra brottfall nemenda.

#### **TVEGGJA ÁRA VERKEFNI MEÐ TITILINN: ERASMUS+ KA2 EUROPEAN CARPAINTING - EDUCATION AND MOTIVATION**

Samstarfsverkefnið Carpainting - Bílamálun beinist að aðsókn í nám í bílamálun, skipulagi náms, að vinna gegn brottfalli úr námi og samstarfi um iðnnám þvert á landamæri.

Í hnotskurn er framkvæmd verkefnisins eftirfarandi: Umsjón með verkefninu er í danska

menntamálaráðuneytinu, Danish Ministry of Higher Education and Science - National Agency for International EU-programs. Ráðuneytið mun meta verkefnið í lok þess. Fjárveiting til verkefnisins eru 105.985€. Verkefnið felur í sér fundi og vettvangsheimsóknir í þátttökulöndunum. Umsjón og utanumhald með framkvæmd verkefnisins er í höndum Teknisk Skole Silkeborg. Aðrir þátttakendur eru verkmenntaskólinn Emtec, Nottingham, Bretlandi - Beau de Rochas verkmenntaskóli í Bordeaux, Frakklandi - málningarframleiðandinn BASF í Münster, Þýskalandi - OSAO framhaldsskólinn í Oulu, Finnlandi og frá Íslandi ÍÐAN fræðslusetur og Borgarholtsskólinn í Reykjavík. Verkefninu lýkur í vor, þá verður safnað saman upplýsingum um nám í bílamálun frá hópnum sem geta væntanlega komið að góðum notum til að kveikja aukinn áhuga ungmenna á námi bílamálun og skipulagi kennslu í skóla og á vinnustöðum. Þá verður verkefnið væntanlega grunnur að samstarfi á milli þátttökulandanna og annarra aðildarlanda Erasmus verkefna í Evrópu.

## Íslandsmót verkgreina 2017

Aldrei er nóg gert til að kynna ungu fólki þá möguleika sem bjóðast til náms og starfa. Allir framhaldsskólar hafa upplýsingar um námsframboð á heimasíðum sínum og bjóða grunnskólanemendum upp á heimsóknir í skólana til að sjá nemendur í starfi. Mörg samtök og félög sem tengjast atvinnustarfssemi í landinu leggja sig fram um náms- og starfskynningu mest á heimasíðum. Dæmi um þetta er vefsíðan <http://gert.menntamidja.is/> sem er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarráðuneytisins, en þar eru miklar upplýsingar um nám og störf.

Áhugaverður vettvangur fyrir ungt fólk í verk- og starfsnámi er Íslandsmót iðn- og verkgreina en það er viðburður sem haldinn er reglulega annað hvert ár. Í forsvari fyrir þessum atburði er Verkiðn <http://verkiðn.is/> en þar eiga aðild fagfélög launamanna og atvinnurekenda, hagsmunasamtök iðnaðarmanna og framhaldsskóla eða samtök þeirra. Samtök nemenda í framhaldsskólum (SÍF) eiga rétt á fulltrúa í fulltrúaráði með málfrelsi og tillögurétt.

Samstarf aðila er bundið í samþykkt fyrir Skills

Ísland - samtökum um keppni í iðn- og verkgreinum á Íslandi. Markmiðið er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd iðn- og verkgreina, halda Íslandsmót iðn- og verkgreina annað hvert ár, vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og starfi í þessum greinum og vera samstarfsaðili við erlenda aðila og samtök sem vinna á sama grunni. Næstu skref eftir Skills Ísland eru keppnir á alþjóðavísu - EuroSkills en það mót var haldið í Gautaborg í desember s.l. eins og lesa má um í frétt hér í blaðinu og WorldSkills sem haldið var í Brasilíu 2015 og verður næst haldið í Abu Dabi á þessu ári.

Verkiðn heldur Íslandsmót iðn- og verkgreina í Laugardalshöll dagana 16. - 18. mars n.k. Þar gefst kostur á að keppa um besta árangur í fjölda iðn- og starfsgreina. Þátttaka býðst þeim sem eru í eða hafa lokið námi í iðn- eða starfsgrein og ekki hafa náð 25 ára aldri.

Iðnmeistarar, fyrirtæki, stéttarfélög og verkmenntaskólar hafa algjör úrslitaáhrif á að hvetja ungt fólk til þátttöku í keppninni og að gera keppnina Skills Ísland að þeim vettvangi sem eflir áhuga og aðsókn í starfsnám á Íslandi.

# Kjarasamningar

## FYRSTI KJARASAMNINGUR SNYRTIFRÆÐINGA

Þriðjudaginn 21. júní sl. var undirritaður kjarasamningur vegna snyrtifræðinga við Samtök atvinnulífsins. Þetta er fyrsti kjarasamningur sem gerður hefur verið fyrir þessa starfsgrein. Því er þetta stór áfangi fyrir félagsmenn í greininni.

Fram til þessa hafa snyrtifræðingar verið samningslausir og að jafnaði miðað launakjör sín við kjarasamning hársnyrtisveina. Nú verður heldur betur breyting á því með tilkomu kjarasamningsins er viðurkennt af hálfu atvinnurekenda að FIT fari með samningsrétt snyrtifræðinga og þar með endanlega ljóst að ekkert annað félag getur rekið dómsmál fyrir hönd snyrtifræðinga.

Samningurinn byggir að stærstum hluta á aðalkjarasamningi Samiðnar og SA en er að sjálfsgöðu aðlagður að snyrtigreininni þar sem þörf er á. Haldinn var kynningarfundur með Félagi íslenskra snyrtifræðinga þann 13. janúar s.l. en það félag er aðili að SA. Sá fundur tókst mjög vel. Hilmar Harðarson formaður FIT og Ragnar Árnason forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA fóru yfir samninginn. Kjarasamningurinn og kynningarglærur eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins: fit.is.

Það er ekki á hverju ári sem undirritaður er nýr kjarasamningur fyrir starfsgrein og skemmtilegt að undirritunin skuli hafa verið á 100 ára afmæli ASÍ.

FIT óskar snyrtifræðingum til hamingju með áfangann.

## KJARASAMNINGUR TÆKNITEIKNARA

Þann 22. desember sl. var undirritaður kjarasamningur fyrir tækniteiknara í FIT við Félag ráðgjafaverkfræðinga. Kynningarfundur um kjarasamninginn var svo haldinn fimmtudaginn 12. janúar þar sem formaður FIT fór yfir samninginn og helstu breytingar. Rafrænni kosningu um samninginn lauk svo þriðjudaginn 13. janúar og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

## KJARASAMNINGUR VIÐ ELKEM

Þann 31. janúar nk. rennur út kjarasamningur stéttarfélaganna sem hafa kjarasamning við Elkem á Grundartanga. Undirbúningur er hafinn að endurnýjun samningsins og kröfur hafa verið lagðar fram. Ekki er á þessari stundu hægt að spá neinu um framvindu viðræðna.

## ALMENNT

Ekki eru aðrir samningar lausir sem stendur en beðið er niðurstöðu forsendunefndar á endurskoðun vegna aðalkjarasamnings Samiðnar við SA.

## Í KJARASAMNINGI MILLI SA OG SAMIÐNAR SEGIR:

Í febrúar 2017 skal nefndin meta hvort sú launastefna og þær launahækkanir sem í samningnum felast hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

Nefndin skal tilkynna fyrir lok febrúar 2017 hvort sú forsenda hafi staðist.



Hilmar formaður kynrir samning snyrtifræðinga



Snyrtifræðingar á kynningarfundum

# Reglur um umgengni í sumarhúsum

Allt of algengt er að illa sé skilið við í orlofshúsum FIT. Orðtakið segir að umgengni lýsi innra manni en því verður vart trúað að innri maður svo margra félagsmanna FIT sé með þeim hætti sem hann birtist í umgengni húsanna. Vissulega hefur fólk mismunandi „óhreinindastuðul“ en stundum er það bara þannig að fólk hefur hreinlega snúið frá og farið heim aftur frekar en taka við húsi sem er óþrifið, með mat í ofni, óhreint á borðum og ælu í sturtubotni. Þessi lýsing er sem betur fer sjaldgæf en hún er þó sönn. Hitt er allt of algengt að þrifið séu ekki nógu góð og ekki sé þvegið yfir gólf, líka þau sem ekki voru notuð, svo sem svefnloft. Það er einfaldlega þannig að alltaf safnast fyrir ryk og kusk þó herbergi eða svefnloft séu ekki notuð og því nauðsynlegt að strjúka yfir þau líka. **Við minnum á að forsenda þess að hægt sé að leigja húsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum er treyst fyrir því að þrifa vel við brottför.** Það virðist því miður vera full þörf á að ítreka árlega þær reglur sem gilda um frágang skemmdir og innheimtu bóta.

- Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þrif. **Þrifagjald er að lágmarki kr. 25.000.** (fer eftir akstursfjarlægð og umfangi þrifa)
- Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
- Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn.
- Félagsmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsakerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/íbúðum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má. Gott er að senda myndir til staðfestingar ef hægt er á [fit@fit.is](mailto:fit@fit.is).



# Um kosningar í embætti hjá FIT

## Í 17. GR. LAGA FÉLAGSINS SEGIR:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrjú varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunarmenn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin og skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

## UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ OG SAMNINGA-NEFND SEGIR Í 20. GREIN FÉLAGSLAGANNA:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

## 21. GREIN LAGANNA FJALLAR UM KJÖRSTJÓRN OG ER EFTIRFARANDI:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins. Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

## Í sólina með Úrvali- Útsýn eða Sumarferðum

Í samvinnu við ferðaskrifstofurnar Sumarferðir og Úrval-Útsýn býður FIT félagsmönnum uppá 30 tilboðsferðir. Afslátturinn gildir tímabilið 1. mars til 30 september 2017 í sólarlandaferðir til Alicante, Almería, Mallorca, Tenerife og Kanaríeyja. Gildir einnig í borgarferðir til Budapest og Dublin.

Greiða þarf 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagismaður fer inn á miðasölu á orlofsvefnum og kaupir ferðaávisun sem innifelur afsláttarkóða. Félagismaðurinn bókar svo ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni og skráir afsláttarkóðann í bókunina. Þá á afslátturinn að koma fram strax.

Teknir eru 26 orlofspunktur af orlofsreikningi kaupanda.

Opnað verður fyrir sölu á ferðaávisunum 1. febrúar n.k. kl. 13:00 á orlofsvef FIT undir miðasala. A:T:H: fyrstur kemur, fyrstur fær.



Umsóknir verða opnaðar 1. febrúar á orlofsvef FIT, fyrstur kemur, fyrstur fær.

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUNNI Í SÍMA 535 6000**



# Umsóknir á vefnum

Eingöngu er hægt að sækja um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um.

Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir mönnum má senda tölvupóst á orlof@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tífundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta í þess stað komið á einhverja af skrifstofum FIT eða sent skriflegar óskir til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Slíkar umsóknir þurfa að hafa borist til FIT fyrir 20. febrúar.

## Ekki er tekið við umsóknum í síma.

Þegar sótt er um rafrænt þarf að innskrá sig með íslykli eða rafrænu skilríki og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á.

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Opnað verður fyrir umsóknir miðvikudaginn 1. febrúar og lokað mánudaginn 20. febrúar.

Allir umsækjendur eiga svo að fá svar fyrir 27.

febrúar og þeir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt föstudaginn 3. mars.

Mánudaginn 6. mars kl. 13:00 verður það sem er ógreitt og ekki leigist sett á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

**Sumarleiga orlofshúsa** innanlands hefst föstudaginn 9. júní.

Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag.

## Ferðavagnar.

Félagsmönnum stendur til boða að kaupa sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Í boði verða 30 niðurgreiðslur og kostar 5.000 krónur að fá 25.000 króna afslátt. Hver félagsmaður má einungis kaupa einn ferðavagnaafslátt. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráð og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Þegar búið er að kaupa afsláttinn á orlofsvefnum og prenta út skjal er hægt að fylla það út og skanna skjalið ásamt leigusamningi og senda á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns. Einnig er hægt að koma með pappírana á skrifstofu FIT. Athugið að þeir sem kaupa ferðavagnaafslátt geta ekki fengið forgangsrétt í orlofshúsi. Teknir eru 20 orlofspunktur af orlofsreikningi félagsmanns ef keyptur er ferðavagnaafsláttur.

**Ferðaávisanir.** Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávisanir sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðaávisun í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000.- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á kr. 35.000.- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávisun geta ekki fengið forgangsrétt í orlofshúsi. Teknir eru 26 orlofspunktur af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun. Opnað verður fyrir sölu miðvikudaginn 1. febrúar og gildir strax að fyrstur kemur, fyrstur fær. Aðeins 30 ferðaávisanir eru til sölu

**Miðasala.** Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa afsláttarmiða fyrir hótelligingu, veiðikortið, golfkortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

## Húsið í Orlando.

Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2017 þriðjudaginn 1. mars kl.13:00. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 12.000.- auk þrífagjalds kr. 15.000.- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

Leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 að morgni brottfarardags.

LOKAÐ verður til 7. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt.

Til að fá lykla afhenta að húsinu í Orlando þarf leigjandi að framvísa flugmiða til Bandaríkjanna, sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þetta er gert til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli sé sjálfur að fara í húsið.

## Mikilvægar dagsetningar:

**Miðvikudaginn 1. febrúar:** Opnað verður fyrir umsóknir um sumarúthlutun og sölu ferðaávisana

**Mánudaginn 20. febrúar:** Lokað verður fyrir umsóknir um sumarúthlutun.

**Mánudaginn 27. febrúar:** Eiga allir að hafa fengið svar við orlofsúmsókn sinni.

**Föstudaginn 3. mars:** Greiðslufresti lýkur hjá þeim sem fengu úthlutað.

**Mánudaginn 6. mars kl. 13:00:** Ógreiddar og óúthlutaðar vikur verða settar á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

# TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FIT FYRIR AÐALFUND 2017

## TILLAGA UM HELMING STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2019

### Formaður

Hilmar Harðarsson  
Reykjavík bifvélavirki

### Meðstjórnendur

Helgi Ólafsson  
Reykjavík bifvélavirki  
Georg Ólafsson  
Reykjavík Málari  
Gunnar Gunnbjörnsson  
Reykjavík blikksmiður  
Vilhjálmur Gunnarsson  
Akranesi vélvirki  
Ólafur Magnússon  
Reykjanesbæ húsasmiður  
Sigfinnur Gunnarsson  
Reykjavík múrari

### Varamenn

Þorsteinn G. Kristmundsson  
Hafnarfirði málari  
Ragnheiður Mekkín Ragnarsdóttir  
Reykjavík snyrtifræðingur

### Til eins árs í stað Ingigerðar Magnúsdóttur

Unnur Eggertsdóttir tækniteiknari

## TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRÍÐ 2017

Hilmar Harðarson	Reykjavík
Hermann Guðmundsson	Reykjavík
Tryggvi Arnarsson	Reykjavík
Helgi Ólafsson	Reykjavík
Ármann Ægir Magnússon	Hveragerði
Georg Óskar Ólafsson	Reykjavík
Helgi Pálsson	Reykjavík
Sigfinnur Gunnarsson	Reykjavík
Einar Þór Gíslason	Reykjavík

Vilhjálmur Gunnarsson  
Gunnar Björn Gunnbjörnsson  
Andrés Haukur Hreinsson  
Sveinn Jónsson  
Þorsteinn Kristmundsson  
Ólafur Kristinn Hafsteinsson  
Unnar Friðrik Sigurðsson  
Birgir Gíslason  
Kjartan Tómasson  
Sigfús Birgir Haraldsson

Akranes  
Reykjavík  
Álftanesi  
Reykjavík  
Hafnarfirði  
Hafnarfirði  
Akranesi  
Kópavogi  
Kópavogur  
Reykjavík

## TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRÍÐ 2017

Ólafur Magnússon	Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson	Sandgerði
Sævar Jóhannesson	Reykjanesbæ
Logi Halldórsson	Reykjanesbæ
Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ
Guðjón Þórhallsson	Reykjanesbæ
Sveinbjörn Jónsson	Reykjanesbæ
Ásbjörn Árnason	Sandgerði

## TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA 2017

Stefán Agnarsson	Vestmannaeyjum
Rúnar Bogason	Vestmannaeyjum

## TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRÍÐ 2017

Heimir Hafsteinsson	Hellu
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir	Hellu



## Tillaga um helming aðalmanna í trúnaðarráð til ársins 2019

- Ólafur Kristinn Hafsteinsson  
Hafnarfirði bifvélavirki
- Jónas Valgeir Bjargmundsson  
Reykjavík bifreiðasmiður
- Hörður Jóhann Geirsson  
Reykjanesbæ bifvélavirki
- Erling Viðar Guðlaugsson  
Kópavogi málari
- Elías Óskarsson  
Hveragerði garðyrkja
- Gestur Pálsson  
Álftanesi bifvélavirki
- Heimir B. Janusarson  
Reykjavík garðyrkja
- Ágúst Guðmundsson  
Reykjavík blikksmiður
- Hermann Halldórsson  
Kópavogi bifvélavirki
- Sigurbjörn Lárusson  
Akranesi vélvirki
- Unnar Friðrik Sigurðsson  
Akranesi vélvirki
- Sigmar Björnsson  
Reykjanesbæ húsasmiður
- Gunnlaugur Hauksson  
Sandgerði málm.
- Ágúst Einarsson  
Vestmannaeyjum húsasmiður
- Brynjar Jónsson  
Hafnarfirði pípulagningam.
- Svava Ásgeirsdóttir Blöndal  
Reykjavík snyrtifræðingur
- Sveinn Grímsson  
Reykjavík múrari
- Hildur Ingibjörg Sölvadóttir  
Kópavogi tækniteiknari
- Ingigerður Magnúsdóttir  
Mosfellsbæ tækniteiknari

## Tillaga fyrir aðalfund 2017 um kjörstjórn til ársins 2018

### Aðalmenn

Kristinn Bjarnason  
Reykjavík bifvélavirki  
Logi H. Halldórsson  
Reykjanesbæ vélvirki

### Varamenn

Ólafur Kristinn Hafsteinsson  
Reykjavík bifvélavirki  
Maron Tryggvi Bjarnason  
Reykjavík bifvélavirki

## TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐ TIL ÁRSINS 2019

- Ingólfur Rögnvaldsson  
Hellu húsasmiður
- Sævar Jóhannesson  
Reykjanesbæ húsasmiður
- Einar Helgason  
Reykjavík múrari
- Sigmundur Guðmundsson  
Reykjanesbæ málari
- Óskar Baldursson  
Hafnarfirði garðyrkja
- Ásbjörn Árni Árnason  
Sandgerði smiður
- Bjarni Helgason  
Reykjavík bifvélavirki
- Jóhann B. Jónsson  
Reykjavík bifreiðasmiður
- Guðmundur Bergsson  
Selfossi húsasmiður
- Magnús Heiðarr Björgvinsson  
Akranesi vélvirki
- Ægir Magnússon  
Akranesi vélvirki
- Bjarni Árnason  
Hafnarfirði húsasmiður
- Ingimundur Arngrímsson  
Garði vélvirki
- Halldór Bjarnason  
Vestmannaeyjum vélvirki
- Sigurður Gunnarsson  
Kópavogi pípulagningam.
- Þorsteinn Ingi Sigurðsson  
Reykjavík bifreiðasmiður
- Áslaug Fjöla Vilhjálmsdóttir  
Reykjavík tækniteiknari
- Rebekka Hnikarsdóttir  
Kópavogi snyrtifræðingur

## TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2017 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL ÁRSINS 2018

### Aðalmenn

Birgir Gíslason  
Kópavogi málari  
Ólafur Kristinn Hafsteinsson  
Hafnarfirði bifvélavirki

### Varamenn

Unnar Friðrik Sigurðsson  
Akranesi vélvirki  
Sigfús Birgir Haraldsson  
Reykjavík bifvélavirki

## Tillaga stjórnar um uppstillingarnefnd til aðalfundar 2017

Einar Þór Gíslason	bifreiðasmiður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	bifvélavirki
Birgir Gíslason	málari
Heimir B. Janusarson	garðyrkjumaður
Logi H. Halldórsson	vélvirki



**SAMEINADIR**

**KRAFTAR!**

## EINN ÖFLUGASTI LÍFEYRISSJÓÐUR LANDSINS

Við erum sterkari þegar við vinnum saman. Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins undir merkjum Birtu. **Saman erum við sterkari!**

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | [birta@birta.is](mailto:birta@birta.is) | [birta.is](http://birta.is)

 **BIRTA**  
LÍFEYRISSJÓÐUR